

Alþingi
Erindi nr. P 135/295
komudagur 21.11.2007

Reykjavík 20. nóvember 2007

Skrifstofa Alþingis
b.t. Allsherjarnefndar Alþingis
150 Reykjavík

Meðfylgjandi er yfirlýsing stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um
frumvarp til laga er varðar almannavarnir.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar
Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

María Garðarsdóttir, ritari

Yfirlýsing frá stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna frumvarps um almannavarnir

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), sem skipuð er framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á svæðinu, lýsir yfir vonbrigðum með áherslur í frumvarpi um almannavarnir sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Stjórn SHS undrast jafnframt að ekki skuli hafa þótt ástæða til að hafa meira samráð við sveitarfélögin við gerð frumvarpsins en raun ber vitni þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað.


Það er daglegt viðfangsefni sveitarfélaganna að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna. Almannaþarnir í héraði á friðartímum eru sjálfsgöður og jafnframt mikilvægur þáttur í þessu starfi og er þar um að ræða órjúfanlegt ferli; áhættumat, undirbúning, áætlanagerð, viðbrögð og leiðréttingu.


Því skýtur skökku við hve viðtækt vald og hlutverk ríkisvaldinu er ætlað í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi. Það er ekki í anda núgildandi laga um almannavarnir frá 1962 sem fölu upphaflega í sér að forræði almannaþarna í héraði væri á höndum sveitarstjórna, enda laut lögregla þá boðvaldi sveitarstjórna. Frumvarpið gengur einnig þvert á grenndarregluna sem er ein fjögurra meginreglna í þeirri hugmyndafræði sem nágrannaríki okkar hafa tileinkað sér í skipulagi almannaþarna.


Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnun bera mikla pólitíska ábyrgð gagnvart almenningi í þessum efnun. Hið viðtæka umboð sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fært verði til embættis ríkislögreglustjóra gerir það að verkum að ákvarðanavald og ábyrgð fara ekki fyllilega saman eins og þó væri heppilegast og í bestu samræmi við lýðræðishefðir í landinu.


Stjórn SHS hvetur því Alþingi til þess að taka frumvarpið til gagn Gerrar endurskoðunar, sérstaklega með tilliti til hlutverks og forræðis sveitarfélaga og stofnana þeirra í almannaþörnum í héraði á friðartímum. Sveitarfélögin hafa á undangengnum árum tekið að sér æ fleiri verkefni sem varða velferð íbúanna og hefur ríkt almenn sátt um þá þróun. Almannaþarnir í héraði á friðartímum eiga sannarlega best heima hjá því stjórnsýslustigi sem næst stendur íbúunum og ber stærsta ábyrgð á verkefnum sem lúta að almennri velferð þeirra. Sveitarstjórnun ber að treysta til að sinna þessu verkefni sem öðrum í góðri samvinnu við ríkisvaldið og með stuðningi þess.

Reykjavík, 16. nóvember 2007



Dagur B. Eggertsson



Gunnar I. Birgisson


Gunnar Einarsson


Haraldur Sverrisson


Lúðvík Geirsson


Jónmundur Guðmarsson


Sigurður Magnússon